



HLAUPASERÍA

ATLANTSOLÍU OG FH

Vegalengd í boði er 5 km og er hlaupið er meðfram strandlengju Hafnarfjarðar í átt að Sundhöll Hafnarfjarðar við Herjólfs götu. Leiðin sem er hlaupin er flöt og ákjósanleg til bætinga. Hún verður nákvæmlega mæld.

Hlaupin eru þrjú og fara fram síðasta fimmtudag í hverjum mánuði og hefjast kl. 19:00 fyrir utan höfuðstöðvar Atlantsolíu að Lónsbraut í Hafnarfirði.

1. Hlaup 27. janúar 2011
2. Hlaup 24. febrúar 2011
3. Hlaup 24. mars 2011

Keppt verður í eftirfarandi flokkum karla og kvenna. 14 ára og yngri, 15-29 ára, 30-39 ára, 40-49 ára, 50-59 ára og 60 ára og eldri. Ekki eru verðlaun veitt fyrir hvert hlaup heldur samanlagðan árangur.

Keppnisgjald fyrir hvert hlaup er kr. 500 og kr. 300 fyrir þá sem eru með dælylykil hjá Atlantsolíu. Skráning fer fram klukkutíma fyrir hlaup og verður skráningarfyrirkomulagið það sama og í Powerade-hlaupaseríunni. Greiða verður þátttökugjald með pening þar sem posi er ekki á staðnum.

Verðlaunahóf fyrir hlaupin fer fram í Kaplakrika þann 25. mars.

Nánari upplýsingar á hlaup.is og hhfh.is



5 km hlaupasería Atlantsolíu og FH